

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/710
komudagur 0.1.2004

Gunnarsholti, 5. janúar 2004

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál, og um skipulags- og byggingarlög, 302. mál.

Það er almennt séð jákvætt að löggjafinn sé endurskoði lög með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur eftir setningu þeirra, ekki síst á sviði umhverfismála þar sem ör þróun er í gerð laga og setningu reglugerða hér heima og erlendis.

Umsögn Landgræðslu ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

1. gr.

Til bóta er að eitt af markmiðum laganna sé að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar einkum með hliðsjón af varúðarreglunni þar sem erfitt getur reynst að skilgreina hvort umhverfisáhrif eru jákvæð eða neikvæð. Það vekur hins vegar upp spurningar um hvort markmið laganna eigi að vera að draga úr áhrifum framkvæmdar á samfélag og mannlíf, sem eru hluti af umhverfi skv. skilgreiningu núverandi laga, t.d. ef framkvæmd hefur veruleg áhrif á atvinnuuppbyggingu í hlutaðeigandi héruðum.

9. gr.

Varðandi matsferlið þá verður að teljast undarlegt að skv. 9. gr. frumvarpsins þá er Skipulagsstofnun falið hlutverk við að senda umsagnir og athugasemdir til framkvæmdaraðila, sem síðan vinnur úr þeim. Eðlilegra væri að framkvæmdaraðili óski eftir þessum umsögnum og athugasemdum, vinni úr þeim og skili síðan endanlegri matsskýrslu til Skipulagsstofnunar, enda er framkvæmdaraðili í samráði og samskiptum við Skipulagsstofnun á meðan á gerð matsskýrslu stendur skv. 8. gr. frumvarpsins.

10. gr.

Ljóst er að hlutverk Skipulagsstofnunar felst fyrst og fremst í því að gefa ráðgefandi álit en stofnunin setur augljóslega ekki skilyrði. Þau eru sett af leyfisveitanda skv. frumvarpinu og hann er ekki bundinn af álitum Skipulagsstofnunar eða þeim skilyrðum sem stofnunin kann að setja.

11. gr. 2. mgr.

Ástæða er til að velta fyrir sér á hverju Skipulagsstofnun byggir sína ákvörðun um hvort endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila. Ekki væri úr vegi að Skipulagsstofnun leitaði álits annarra aðila, um hvort ástæða væri til að endurskoða matsskýrslu m.a. vegna þeirra þátta sem tilgreindir eru í 2. mgr. og þá ekki síst vegna breytinga á náttúrufari á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, sem ekki er sjálfgefið að Skipulagsstofnun hafi yfirsýn og yfirlit yfir.

13. gr. 2. mgr.

Með því að gera leyfisveitanda að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og að taka afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er ljóst að mikil ábyrgð er lögð á herðar leyfisveitanda þ.m.t. sveitarfélög. Því má telja fullvíst að þessari breytingu fylgi aukinn kostnaður fyrir sveitarfélög. Þau gætu þurft að leita sér faglegrar ráðgjafar og aðstoðar við umfjöllun um einstök mál og fyrir fámenn sveitarfélög gæti þetta orðið þungur fjárhagslegur baggi, burtséð frá því hvort framkvæmd verði síðan til hagsbóta fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Með því að fela sveitarfélagi sem leyfisveitanda aukið hlutverk við umfjöllun um matsskýrslu þá getur það leitt til þess að vægi efnahagslegra þátta framkvæmdar vegi þyngra en vistfræðilegra, vegna þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem sveitarfélög getur séð í viðkomandi framkvæmd. Allmörg nýleg dæmi eru um hvernig sveitarfélög hafa kastað umhverfisverndarsjónarmiðum fyrir róða við veitingu framkvæmdaleyfa og líklega aðeins eitt sveitarfélag hefur á síðustu misserum látið verndunarsjónarmið ráða för þegar tekist er á um náttúruvernd og stundarhagsmuni.

Skv. athugasemdum við frumvarpið er eitt af grundvallaratriðum tilskipunar Evrópusambandsins það að útgefandi framkvæmdaleyfis taki afstöðu til mögulegra mótvægisáðgerða. Með þessu er mikil fagleg ábyrgð lögð á herðar sveitarstjórnnum og velta má fyrir sér hvort þær þurfi meiri faglega leiðsögn til að taka efnislega og rökstudda afstöðu til einstakra atriða í matsskýrslu, álits Skipulagsstofnunar og umsagna og athugasemda einstakra aðila. Þó má líta á kynningu Skipulagsstofnunar sbr. 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins sem lið í þeirri leiðsögn.

14. gr.

Eftirlit með því hvort framkvæmd er í samræmi við veitt leyfi þarf að vera skilvirkt. Mikið skortir á að svo hafi verið hingað til um framkvæmd laga um MÁU. Lítið sem ekkert eftirlit virðist hafa verið til að fylgjast með því hvort framkvæmdaaðilar uppfylla þau skilyrði sem þeim hafa verið sett í úrskurðum skipulagsstofnunar og/eða umhverfisráðherra. Sveitarstjórn sem leyfisveitandi þarf að hafa burði og aðgang að fagþekkingu til þess að hafa eftirlit með því að framkvæmd og mótvægisáðgerðir séu í samræmi við framkvæmda- og byggingarleyfi.

Umsögn Landgræðslu ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum

1. gr.


Í samræmi við athugasemd við 14. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum þá væri ástæða til að herða á orðalagi í þessari grein í því augnamiði að við umfangsmeiri framkvæmdir sé **ávallt** starfandi eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt og hún leiti sér faglegrar aðstoðar eftir því sem þurfa þykir. Einnig er ástæða til að gera athugasemd við það að framkvæmdaraðili þurfi að samþykkja skipan eftirlitsnefndar. Í greininni er ekkert kveðið á um hæfi þeirra sem í slíka nefnd eru skipaðir, fjölda þeirra eða annað, eingöngu að framkvæmdaraðili greiði kostnað af störfum hennar, sem er eðlilegt.

2. gr.

Ástæða er til að fagna þeirri breytingu sem hér er kveðið á um þannig að úrskurðarvald er komið úr hendi ráðherra og í hendur úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Með þessari breytingu verður ráðherra gert kleift að fjalla um einstök mál án þess að eiga á hættu að teljast vanhæfur.

Skv. 5. mgr. geta þeir einir skotið máli til úrskurðarnefndar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Þetta þrengir heimild til málskots og þar með rétt alls almennings til kæru þ.á.m. íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags, nema að því leyti sem snertir eignir hvers og eins.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins


Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri.